

**Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn fimmtudaginn 23. október kl 8.30, í fundarsal Háskólaseturs Vestfjarða á Ísafirði.**

Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir formaður, Baldur Smári Einarsson, Daníel Jakobsson, Ingbjörg Emilsdóttir og Sigurður Jón Hreinsson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri, sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður bauð nýja stjórn velkomna til starfa og vænti góðs samstarfs um málefni Vestfjarða.

Gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 20. september 2014.

*Fundargerð stjórnarfundar 20. september 2014, lögð fram til kynningar. Formaður upplýsti að fráfarandi stjórnarmenn hefðu staðfest fundargerð í tölvupósti.*

2. 59. Fjórðungsþing Vestfirðinga

- a. Kjör stjórnar og nefnda.

- i. Skipan varaformanns stjórnar FV

*Formaður óskaði eftir tillögu um varaformann, tillaga kom um Baldur Smára Einarsson, Bolungarvík. Tillaga samþykkt.*

- ii. Skipan stjórnarmanns í samgöngunefnd FV

*Formaður óskaði eftir tillögu um skipan stjórnarmanns í samgöngunefnd FV, stjórnarmaður er jafnframt formaður nefndarinnar. Tillaga kom fram um Sigurð Jón Hreinsson. Tillagan samþykkt. Óskað eftir tillögu um varamann Sigurðar, tillaga kom fram um Baldur Smára Einarsson, tillagan samþykkt.*

- iii. Skipan í markaðsráð

*Rætt um skipan markaðsráðs. Samþykkt að fresta ákvörðun en fela formanni umboð til að skipa fulltrúa í markaðsráð í ljósi umræðu á fundinum.*

- b. Ályktanir 59. þings

*Framkvæmdastjóri kynnti bréf FV. dags 14. október sl., til félags- og húsnæðismálaráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, innanríkisráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra, þar sem kynntar eru ályktanir 59. Fjórðungsþings Vestfirðinga eftir málaflökkum ráðuneyta.*

*Rætt um áherslur FV á grundvelli ályktana Fjórðungsþings og áherslur gagnvart frumvarpi til fjárlaga 2015. Stjórn samþykkir að undirbúin verði aðgerðaáætlun á grundvelli ályktana þingsins sem lögð verður fyrir næsta fund stjórnar.*

- c. Skýrsla samgöngunefndar FV

*Lögð fram skýrsla samgöngunefndar FV frá 59. Fjórðungsþing Vestfirðinga. Stjórn þakkar fráfarandi samgöngunefnd fyrir sín störf og felur framkvæmdastjóra að kynna*

skýrsluna fyrir innanríkisráðuneyti og stofnana ráðuneytisins. Stjórn felur síðan samgöngunefnd að taka efni skýrslunnar til umfjöllunar.

3. Drög að reglugerðum um ný umdæmi lögreglu- og sýslumannsembætta, til umsagnar

Innaríkisráðuneyti og dómsmálaráðuneyti lögðu þann 8. október sl., fram drög að reglugerðum um ný umdæmi lögreglu- og sýslumannsembætta (lagt fram vef innanríkisráðuneytis). FV vakti athygli sveitarfélaga á Vestfjörðum á framkomnum drögum og óskaði álits á þeim.

Kynnt efni ályktana Bolungarvíkurkaupstaðar, Strandabyggðar, Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar. Einnig kynntar athugasemdir verðandi sýslumanns Vestfjarða, Jónasar Guðmundssonar, til innanríkisráðherra með afriti til Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Rætt um framkomnar ályktanir og umsagnir aðila um framangreind drög. Einnig var tekin til umræðu ályktun stjórnar FV sem var hluti af umsögn FV til innanríkisráðuneytis frá 2. júlí 2014.

Eftir umræðu samþykkir stjórn FV eftirfarandi ályktun.

Stjórn Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir miklum vonbrigðum með þá stöðu sem komin er upp á Vestfjörðum, með fækkun opinberra starfa á undanförunum árum og almennan samdrátt í fjárveitingum til stofnana á Vestfjörðum. Öll þjónustu- og atvinnusvæði á Vestfjörðum hafa tapað störfum og fundið fyrir lækkun þjónustustigs vegna minni umsvifa í starfsemi ríkisins. Framboð starfa minnkar og fábreytni atvinnulífs eykst.

Tafir á framkvæmd verkefnanna; „Breyting á framkvæmdarvaldi og stjórnarsýslu ríkis í héraði“ og „breyting á lögreglulögum - Umdæmaskipan, staðsetning starfsstöðva“ auk ákveðins hringlandaháttar við skipan sýslumanna og lögreglustjóra á Vestfjörðum, veldur því að stöðugildi á vegum ríkisins verða nú opinbert bitbein á milli sveitarfélaga á Vestfjörðum. Stjórn FV telur því ekki rétt, að FV álykti um þetta mál að þessu sinni og beinir því til innanríkisráðherra og dómsmálaráðherra að skoða þær ólíku skoðanir sem koma fram í ályktunum sveitarfélaga á Vestfjörðum og taka sínar ákvarðanir í framhaldi af því.

Stjórn FV vill í þessu samhengi einnig benda á að í kynningu við aðdraganda breytinga laga um sýslumenn og lögreglustjóra var því hampað að embættin yrðu eflað og störf flutt til þeirra úr ráðuneyti og stofnunum. Þessum hluta málsins hefur síðan lítið verið hreyft og litlar upplýsingar komið fram um tímasetningu flutnings eða umfang verkefna. Í umsögn fráfarandi stjórnar FV í aðdraganda málsins, lagði FV ríka áherslu á að löglærðir fulltrúar verði að vera til staðar á öllum núverandi sýsluskrifstofum til þess að mögulegt sé að flytja verkefni til þeirra. Löglærður fulltrúi á hverri starfstöð sé skilyrði til þess að markmið stjórnvalda um verkefnatilflutning frá ráðuneytum og stofnunum gangi eftir. Stjórn FV telur það blasa við og auka á vanda þessa máls, að fjárveiting til sýslumanns á Vestfjörðum á árinu 2015 muni ekki nægja til að

*uppfylla þau lágmarks skilyrði. Stjórn FV krefst þess að fjárveiting til sýslumannsins á Vestfjörðum verði aukin við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2015 til að staða löglærðra fulltrúa verði skipuð á öllum starfsstöðvum og þeim þannig fjölgað að lágmarki um tvo frá því sem er nú í dag.*

#### 4. Kynning verkefna FV

*Mætt voru til fundar starfsmenn FV, Díana Jóhannsdóttir, Jón Jónsson og Lína Björg Tryggvadóttir. Framkvæmdastjóri og starfsmenn kynntu daglega starfsemi og verkefni FV og svöruðu fyrirspurnum.*

#### 5. Sóknaráætlun landshluta (SL)

##### a. Fundargerðir Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál

*Lagðar fram til kynningar fundargerðir nr. 1-6, frá Stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál. Stýrihópurinn er samstarfshópur ráðuneyta sem stofnaður var við undirbúning verkefnisins Sóknaráætlun landshluta og hét áður Stýrinet stjórnarráðsins um sóknaráætlanir landshluta. Sveitarfélögin hafa einn fulltrúa í hópnum þ.e. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og nú hefur fulltrúi landshlutasamtaka sveitarfélaga setið fundi nr. 5 og 6 þegar hafin var umræða um nýja samninga um sóknaráætlun landshluta.*

Formaður gerði tillögu um matarhlé kl 12.30 – 13.00

##### b. Vaxtarsamningur Vestfjarða (VxV) 2014

*Lögð fram drög að samningi við Atvest um framkvæmd VxV á árinu 2014, en vaxtarsamningur er nú hluti af Samningi um byggðaðróun fyrir árið 2014 milli ráðuneyta og FV. Shiran Þórisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða (Atvest) mætti til fundar. Shiran fór yfir starf VxV frá árinu 2010 og kynnti efnisatriði nýs samnings ásamt framkvæmdastjóra.*

*Stjórn samþykkir framlagða tillögu að samningi og felur framkvæmdastjóra að kynna fyrir Stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál og í framhaldinu ganga frá samningi við Atvest.*

##### c. Staða og uppgjör verkefna Sóknaráætlunar landshluta 2013 og 2014

*Lögð fram drög að endurskoðuðu uppgjöri vegna Sóknaráætlunar landshluta 2013.*

*Lögð fram til kynningar staða verkefna í Sóknaráætlun landshluta 2014.*

##### d. Drög að samningi um sóknaráætlun landshluta 2015-2019

*Lagt fram til umræðu drög að nýjum samningur um Sóknaráætlun landshluta 2015-2019. Samningurinn er tvíþættur. Annars vegar um samkeppnissjóð „Uppbyggingarsjóð“ sem myndaður er með sameiningu menningarsamninga sveitarfélaga og vaxtarsamninga landshlutanna. Fjárhæð samninga hefur farið samkvæmt fjárlögum hverju sinni. Hinsvegar er stefnumörkun landshlutans til 5 ára sem fjármagnað er með framlagi af fjárlögum til Sóknaráætlunar landshluta.*

*Stjórn FV telur mikilvægt að unnið verði áfram með verkefnið Sóknaráætlun landshluta, með hliðsjón af drögum að samningi sem nú er til umræðu, en með eðlilegum fyrirvara um endanlega niðurstöðu.*

*Stjórn FV lýsir hinsvegar vonbrigðum með óvissu um fjármögnun sóknaráætlunar. Yfirskrift áætlunarinnar er sókn, en stjórnvöld þurfa að skýra hvernig sú sókn á að skipast. Grundvallarkrafa í þeirri sókn er að fjármagn til áætlunarinnar verði aukið. Annars vegar til þess hlutar sóknaráætlunar er varðar áherslur landshlutanna fyrir tímabilið 2015-2019. Gerð er krafa um að fjármagn til þessa hluta í fjárlögum 2015 verði hið sama og á árinu 2013, eða 400 mkr. Hinsvegar að aukið verði við fjárveitingar til uppbyggingarsjóðs sóknaráætlunar, en fjármagn fyrir árið 2015 samkvæmt frumvarpi til fjárlaga nemur samanlagt 416,4 mkr. Þetta fjármagn hefur rýnað vegna hagræðingarkröfu fjárlaga allt frá árinu 2008 auk þess sem verðlagspróun hefur rýrt framlög.*

- e. Drög að úthlutunarreglum styrkja þróunarsjóðs/uppbyggingarsjóðs landshlutans.

*Frestað.*

## 6. Landshlutasamtök sveitarfélaga

*Framkvæmdastjóri kynnti starf Landshlutasamtaka sveitarfélaga (LHSS). Þau eru átta talsins og hefur samstarf þeirra farið vaxandi á síðustu árum s.s. um sóknaráætlun landshluta, almenningsamgöngur og EFTA samstarf. Samtökin skipta með sér formennsku í samstarfinu og fer FV með formennsku frá hausti 2014 til haustsins 2015.*

- a. Fundur 8. október 2014

*Kynnt fundargerð fundar LHSS sem haldinn var í aðdraganda Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, þann 8. október 2014.*

- b. Ársfundir landshlutasamtaka

*Ályktanir ársfundar Eypings 2014, lagt fram til kynningar.*

## 7. Fundir og ráðstefnur

- a. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga, 9.-10. október

*Kynnt dagskrá Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldinn var þann 9. og 10. október sl. Formaður og framkvæmdastjóri héldu erindi á ráðstefnunni um áskoranir sveitarfélaga og sveitarstjórnarstigsins varðandi uppbyggingu fiskeldis sem nýrrar atvinnugreinar.*

b. Landsþing sveitarfélaga 24.- 26. september

*Kynnt dagskrá XXVIII Landsþings sveitarfélaga sem haldið var þann 24.-26. september sl. á Akureyri. Framkvæmdastjóri og fráfarandi formaður sóttu þingið f.h. FV. Á þinginu var fjallað um og afgreidd víðtæk stefnmörkun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2014-2018: „Áskoranir í bráð og lengd“.*

c. Þingmannafundur 1. október 2014

*FV skipulagði fund sveitarfélaga og þingmanna NV kjördæmis, þann 1. október sl. á Reykhólum. Framkvæmdastjóri kynnti minnispunkta af fundinum.*

d. Fundur með Fjárlaganefnd Alþingis, 17. október 2014

*Kynnt greinargerð sem lögð var fram á fundi formanns og framvæmdastjóra á fjarfundi með fjárlaganefnd þann 17. okt sl.*

8. Umsagnir til Alþingis

Kynnt eftirfarandi mál sem send hafa verið FV frá Alþingi.

- a. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til hafnalaga, 5. mál, umsögn berist eigi síðar en 26. september nk. <http://www.althingi.is/altext/144/s/0005.html>
- b. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, 102. mál. Málið var einnig lagt fram á síðasta þingi. <http://www.althingi.is/altext/144/s/0102.html>
- c. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (fjölgun tilkynningarskyldra framkvæmda, EES-reglur), 53. mál. Málið var einnig lagt fram á síðasta þingi. Umsögn berist eigi síðar en 10. október nk. <http://www.althingi.is/altext/144/s/0053.html>
- d. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um byggingarvörur (heildarlög, EES-reglur), 54. mál. Málið var einnig lagt fram á síðasta þingi. Umsögn berist eigi síðar en 10. október n.k.. <http://www.althingi.is/altext/144/s/0054.html>
- e. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breyt. á jarðalögum (landnotkun og sala ríkisjarða), 74. mál. Umsögn berist eigi síðar en 15. október nk. <http://www.althingi.is/altext/144/s/0074.html>
- f. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir í byggðamálum, 19. mál. Umsögn berist eigi síðar en 15. október n.k. <http://www.althingi.is/altext/144/s/0019.html>
- g. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um jafnt aðgengi að internetinu, 28. mál. Umsögn berist eigi síðar en 22. október nk. <http://www.althingi.is/altext/144/s/0028.html>
- h. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi (heildarlög), 11. mál. Umsögn berist eigi síðar en 28. október nk. <http://www.althingi.is/altext/144/s/0011.html>

- i. Velferðarnefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili, 18. mál. Umsögn berist eigi síðar en 28. október nk. <http://www.althingi.is/altext/144/s/0018.html>
- j. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um vegalög (gjaldtaka af umferð o.fl., EES-reglur), 157. mál. Umsögn berist eigi síðar en 31. október nk. <http://www.althingi.is/altext/144/s/0161.html>
- k. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um framhaldsskóla, 214. mál. Umsögn berist eigi síðar en 3. nóvember nk. <http://www.althingi.is/altext/144/s/0243.html>

*Formaður gerði tillögu um að ekki verði send umsögn um lið a, b, c,d,e og g. En frestað að senda umsögn um lið f, h, i,j og k. Tillagan samþykkt.*

9. Önnur mál.

*Daníel Jakobsson, ræddi hvernig mætti auka upplýsingflæði frá stjórn og framkvæmdastjóra til aðildarsveitarfélaga, gerði hann að tillögu að oddvitum og framkvæmdastjórum sveitarfélaga yrði veittur aðgangur að gögnum stjórnarfunda. Tillagan samþykkt.*

Tillaga að dagsetningu næsta fundar, samþykkt að boða fund þann 18. nóvember nk. kl 15.00, fundurinn yrði fjarfundur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.15.